



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

5. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu á Borg, mánudaginn 30. janúar 2023 kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Smári Bergmann Kolbeinsson, formaður

Þorkell Þorkelsson

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður aðveitna

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri

Björn Kristinn Pálmarsson forfallaðist.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Uppfært deiliskipulag athafnasvæðis við Sólheimaveg

Fyrir liggja drög að breytingum á nýju deiliskipulagi athafnasvæðisins við Sólheimaveg að lokinni auglýsingu. Þær breytingar sem hafa verið gerðar á skipulaginu eftir auglýsingu snúa að deiliskráningu fornminja á svæðinu ásamt kvöð um aðkomu að lóð í gegnum skipulagssvæðið.

Lagt fram til kynningar. Ragnari falið að hafa samband við Eflu um að senda skipulagið til UTU.

2. Vatnsveita: Kaldárhöfði – staða verkefnis

Um nokkurt skeið hefur verið til skoðunar hjá Grímsnes- og Grafningshreppi, Sveitarfélaginu Árborg og Flóahreppi að fara í sameiginlega vatnsöflun úr landi Kaldárhöfða. Þann 26. janúar sl. hittust aðilar frá þessum sveitarfélögum á fundi og ræddu næstu skref verkefnisins. Fyrirhugað er að hefja tilraunaboranir næsta vor.

Smári og Ragnar kynntu drög að minnisblaði af fundinum.

3. Hitaveita: Prófanir á Sólheimum – fyrstu niðurstöður

Ragnar fór yfir þær mælingar sem hafa átt sér stað á borholunum á Sólheimum að undanfögnu og kynnti fyrstu niðurstöður sem lofa góðu. Gera þurfti hlé á mælingum á meðan mesta kuldakastið stóð yfir seinni part desember og fram í janúar. Nú hafa mælingar verið settar í gang aftur til að safna ítarlegri gögnum um virkni og afköst holanna.

Framkvæmda- og veitunefnd vill koma á framfæri þakklæti til Sólheima fyrir samvinnuna. Vonast nefndin til þess að niðurstöður úr ítarlegri mælingum skapi grundvöll fyrir frekari samvinnu sveitarfélagsins og Sólheima til framtíðar á sviði heitavatnsöflunar. Nefndin leggur til að sent verði formlegt erindi til Sólheima þar sem farið er yfir hvernig hugsanlegu samstarfi sveitarfélagsins og Sólheima gæti verið háttað.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

4. Fráveita: Vesturbyggð – Breyting á skipulagi

Ragnar kynnti fyrirhugaðar fráveituframkvæmdir á nýju skipulagssvæði vestan Borgarsvæðisins.

Lagt fram til kynningar.

5. Stækkun íþróttamiðstöðvar – staða hönnunar

Farið yfir stöðuna á hönnun viðbyggingar við íþróttamiðstöðina. Jafnframt var skoðuð tillaga Gunnars Emils Eggertssonar að uppsetningu tækja í tækjasal.

Lagt fram til kynningar.

6. Erindisbréf Framkvæmda- og veitunefndar (til umræðu)

Fyrir liggur að gera þarf nýtt erindisbréf fyrir Framkvæmda- og veitunefnd. Lögð eru fram til hliðsjónar erindisbréf Veitunefndar og erindisbréf Samgöngunefndar frá síðasta kjörtímabili.

Formanni falið að vinna drög að nýju erindisbréfi nefndarinnar í samráði við sveitarstjóra og oddvita sveitarstjórnar. Nefndin óskar eftir að fá drögin til umsagnar áður en þau verða lögð fyrir sveitarstjórn.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 09:45